



## Faghópur 3

### Fundargerð 9. fundar

Háskólinn á Akureyri, 2. okt. 2009, kl. 9:00-12:15

**Mætt:** Kjartan Ólafsson, Daði Már Kristófersson, Guðmundur Guðmundsson, Hjalti Jóhannesson, Jóhannes Geir Sigurgeirsson og Tómas Þór Tómasson sem skrifaði fundargerð.

**Forföll:** Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir

#### Fundarfrásögn

1. **Samþykkt fundargerðar.** Fundargerð síðasta fundar, 15. júní, var samþykkt.
2. **Fundir verkefnisstjórnar og formanna faghóps.** Kjartan gaf stutta skýrslu um umræður á fundum verkefnisstjórnar 10. og 25. sept. og fundar formanna faghópa 30. sept. Þar var m.a. rætt um hvernig faghóparnir skulu standa að skilum til verkefnisstjórnar. Kjartan hefur talað fyrir því að hver faghópur skuli við matsvinnu horfa mjög þröngt á sitt svið og skarast sem minnst við sjónarhorn annarra hópa. T.d. skuli faghópur 3 ekki koma nálægt mati á hagsmunum ferðaþjónustu heldur verði faghópur 2 alfarið látinn um slíkt mat og sama á við um mat á landslagi sem faghópur 1 annast. Þá lýsti Kjartan framvindu vinnunnar eftir að faghópar skila af sér. Verkefnisstjórn bræðir saman niðurstöður faghópa í eina þar sem virkjunarkostum verður skipt í 3 flokka: Verndarflokk, Biðflokk eða Nýtingarflokk. Niðurstaðan verður síðan sett fram í þingsályktun sem falli að lagafrumvarpi sem nú er í smíðum og lagt verður fram á haustþingi.
3. **Tilraunamat.** Afráðið var að prófa fyrirbyggjandi aðferðafræði og nálgun á þremur svæðum; Skagafirði, neðri hluta Þjórsár og Þeistareykjum. (Sjá minnisblað með fundargerð á vinnusvæði faghópsins á heimasíðu.). Líta skal til eftirfarandi breyta (sjá bls. 6 á minnisblaði):
  - a. Íbúar
  - b. Efnahagsleg áhrif
  - c. Vinnumarkaður
  - d. Þjónusta
  - e. Umhverfismál
  - f. Félags-/samfélagslegur auður

Einnig var rætt um að ástæða væri til að skoða sérstaklega ákveðnar víddir, t.d. laun, stærð efnahagslífs svæða, heildarþjárfestingu (umfang m.v. stærð svæðis) og fleiri þætti sem ráðast munu af staðbundnum aðstæðum. Líta þarf til áhrifa á þætti á borð við fjölbreytni starfa, hreyfanleika starfa/vinnuafis og ýmsum staðbundnum þáttum sem geta skipt máli. Einstökum víddum/þáttum skal ákvarða vogtölur sem geta verið ólíkar eftir landshlutum.

4. **Svæði.** Faghópurinn var sammála um að skipta landinu í eftirfarandi svæði sem taka mið af fyrirbyggjandi landshlutareikningum og svæðisskiptingu Hagstofu Íslands:

1. Höfuðborg
  2. Suðurnes
  3. Vesturland
  4. Vestfirðir
  5. Norðvesturland
  6. Norðausturland
  7. Austfirðir
  8. Suðurland
5. **Einkunnaskali.** Rætt var um að nota í flestum tilvikum fimm stiga einkunnarskala frá +2 til -2.
  6. **Fyrsta skref tilraunarmats.** Hjalti og Guðmundur (og hugsanlega Kjartan) taka að sér að fara á hraðferð í gegnum alla virkjunarkosti með þessari aðferð. M.a. munu þeir finna þyngdarmiðju mannfjöldans í hverjum landshluta út frá mannfjölda í hverju sveitarfélagi og mæla fjarlægðir frá einstökum virkjunarkostum.
  7. **Landsnet og raflínakerfi.** Skoðuð voru kort yfir línulagnir sem fram voru lögð á kynningarfundum Landsnets þann 28. sept. Guðmundur mun tala við starfsmann Landsnets (Árna Jón) og fá yfirlit yfir ástand raflínakerfa eftir landshlutum (þriggja stiga einkunnarskala, þ.e. „gott“, „í meðallagi“ og „ábótavant“).
  8. **Næsti fundur** verður haldinn kl. 9:00 þann 26. okt. á Akureyri.